

Fundur stjórnar FEBSEL 15. apríl 2024 kl. 16:30.

Mættir: Kristbjörg Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, Inga Hersteinsdóttir, Stefán Bergmann og Sigurður Hannesson.

Dagskrá:

1. Þóru Einarasdóttur minnst

Kristbjörg minntist Þóru Einarasdóttur fyrir vel unnin störf í þágu eldri borgara á Seltjarnarnesi. Kristbjörg mun senda inn minningargrein um hana í Morgunblaðið.

2. Forvarnarstefna Seltjarnarnessbæjar

Kynnt var forvarnarstefna bæjarins varðandi eldri borgara 60+. Hún skiptist í þrjá kafla VELFERÐ OG VELLÍÐAN, UMHVERFI OG SKIPULAG og VIRKNI OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ. Félagið mun vinna hana frekar.

3. Samstarf við Gróttu

Kristbjörg hafði samband við Gróttu varðandi samstarf um aukna hreyfingu eldri borgara. Vel var tekið í það af hálfu Gróttu og munu Kristbjörg, Sigríður og Sigurður funda með þeim.

4. Stefna um málefni aldraðra á Seltjarnarnesi

FEBSEL verður umsagnaraðili um stefnuna þegar drög hennar verða lögð fram.

5. Landsamband eldri borgara

Afsláttarbókina þarf að sækja til þeirra. Afsláttar-appið er tilbúið. Afsláttarbókin og blað Landssambandsins verður látið liggja frammi á ýmsum stöðum s.s. á Skólabrautinni, bókasafninu og víðar. Senda tölvupóst til félagsmanna um hvar hægt sé að nálgast þessi gögn.

6. Mannréttindi eldra fólks

Rætt um mannréttindi eldra fólks og hættu á mismunun gagnvart eldra fólki. Nauðsynlegt er að vinna gegn aldursfordómum.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur gefið út ritið *Réttarstaða eldra fólks*. Þar er fjallað um mannréttindi eldra fólks á Íslandi. Það er að finna á vefnum www.humanrights.is

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari.